

Hallbjarnareyri

Viðbætur.

Jón Pétursson tók saman.

Landamerki Hallbjarnareyrar er ekki að finna á sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi, en þau munu vera: Milli Skallabúða og Hallbjarnareyrar ræður lækur, þar sem hann kemur til sjávar við Harðabala. Þaðan í Ytriskriðu, sem kemur úr brekkunum við fjallsræturnar, og í Strákaskarð. Þá í Helliskriðu í suðvesturhlíðum Eyrarfjalls og þaðan sjónhendingu í vesturenda eystra vatnsins á hálsinum milli Eyrarfjalls og Klakks. Síðan um úrfall vatnsins, sem heitir Þrengsli, og í Hjarðarbólsá, og fylgir henni til sjávar í Kolgrafarfjörð.

Í daglegu tali nefnist Hallbjarnareyrartorfan Eyrarpláss.

Á flóanum milli Skallabúða og Nausta (24) er hryggur frá sjó og að fjallinu, er heitir **Harðibali** (84).

Naustalækur (85) var vestan við gamla túnið á Naustum, og sér enn til hans, þar sem hann kemur til sjávar, þrátt fyrir framræslu mýrarinnar. Áll og silungur gekk í lækinn. Þar í fjörunni við útfall lækjarins er sker með áberandi stórum kletti, sem heitir **Naustaklettur** (86).

Í fjörunni milli Nýjabúðar (22) (svo) og Garðsenda (19) er sker, sem heitir **Höfuð** (87), og var þar ein lendingin við sjávarkambinn. Fremsti og hæsti hluti sjávarkambans, þar sem bærinn á Garðsenda stendur, heitir **Snoppa** (88). Þar norður af er **Garðsendaklettur** (89) og **Garðsendatangi** (90).

Nokkru austan við Garðsenda eru tvö sker með stuttu millibili, er heita **Ytri-** (91) og **Innri-Klumba** (92). Milli þeirra er steinn, sem heitir **Naggur** (93). Þar fyrir austan er **Kúarif** (94), aflangt sker frá landi og í norður. Upp af því og sunnan við sjávarkambinn er lítil tjörn, **Hvaltjörn** (95).

Í sundinu milli Írlands (74) og lands er steinn, sem heitir **Leynir** (96).

Í Oddahausnum (33) stóð býlið **Oddakot** (97), og sér þar til mikilla rústa og annarra mannvistarleifa, m.a. hefur þar verið akuryrkja.

Oddagata (98) heitir götuslóði frá Hallbjarnareyri austanvert og niður og fram í Eyrarodda (29). Austan við Oddagötuna, þegar komið er niður fyrir holtin, er **Egilsveita** (99).

Í brekkunum austan við Eyrarhyrnu (1) eru nokkur gil og lautir, og heitir **Draugalaut** (100) þeirra stærst

Um Kálfadal (58) rennur **Kálfadalslækur** (101), á hann aðalupptök sín í Villingadal (60) og rennur í **Hjarðarbólsá** (102). Efsti hluti Hjarðarbólsár heitir **Þrengsli** (103), og er þá komið út á **Háls** (104), en svo heitir allt svæðið milli **Eyrafjalls** (105) og Klakks.

Í handriti Þorleifs eru klettatindar vestast í **Steinahlíð[ar]brúnum** (106) nefndir Hellisbjörg (64), en mönnum ber saman um, að þeir heiti **Strýtur** (107).

Norðan í Eyrafjallinu, í skarðinu milli Eyrarhyrnu og aðalfjallsins, er klettabelti, sem heitir **Kórklettur** (108). Tveir götuslóðar liggja úr skarðinu og niður á brekkurnar, Skarðsgata (59) austan við Kórklettana, en **Sneiðingsgata** (109) að vestan.

Fyrir neðan nýbýlið Hjarðarbrekku (72) er holt, sem heitir **Hermannsholt** (110), en er að mestu horfið og komið í vegarstæði um plássið. Á brekkunum fyrir ofan Hjarðarbrekku er einstakur steinn, **Gráisteinn** (111). Þar fyrir austan er laut í brekkuna, sem heitir **Steinalaut** (112).

Fyrir ofan Nausta (svo) og upp í fjallinu er grasgeiri, er nefnist **Breiðigeiri** (113). Við landamerki Skallabúða og Hallbjarnareyrar koma tvær skriður úr brekkunum, er heita **Innri-** (114) og **Ytriskriða** (115).

Yfir mýrina frá Hallbjarnareyri og niður að Þórðarbúð (23) var upphlaðinn vegur, kallaður **Göngugarður** (116), og sér enn til hans.

Stafrófsskrá örnefna

Breiðigeiri 113
Draugalaut 100
Egilsveita 99
Eyrarfjall 105
Garðsendaklettur 89
Garðsendatangi 90
Grásteinn 111
Göngugarður 116
Harðibali 84
Háls 104
Hermannsholt 110
Hjarðarbólsá 102
Hvaltjörn 95
Höfuð 87
Innri-Klumba 92
Innriskriða 114
Kálfadalslækur 101
Klumba, Innri- 92
Klumba, Ytri- 91
Kórklettur 108
Kúarif 94
Leynir 96
Naggur 93
Naustaklettur 86
Naustalækur 85
Oddagata 98
Oddakot 97
Sneiðingsgata 109
Snoppa 88
Steinahlíð[ar]brúnir 106=63
Steinalaut 112
Strýtur 107=64
Ytri-Klumba 91
Ytriskriða 115
Þrengsli 103